



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/239

Alþingi,  
heilbrigðis- og trygginganefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/598*  
*komudagur 13.12.2004*

10. desember 2004

**Efni: Um frumvarp til laga um græðara, 246. mál.**

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 22. nóvember sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint lagafrumvarp. Í frumvarpinu er í hnotskurn gert ráð fyrir því, að komið verði á fót frjálsu skráningarkerfi græðara, en með græðurum er átt við þá, sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Við undirbúning máls þessa og samningu frumvarpsins var leitað álits SÍT á málinu, einkum þeim þáttum, er snúa að skaðabótaskyldu græðara og hugsanlegum váttryggingum í því sambandi. Varðandi frumvarpið eins og það liggur fyrir nú óskar SÍT að koma eftirfarandi atriðum að:

1. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að græðurum verði einungis heimilt að skrá sig í hið frjálsa skráningarkerfi, að þeir uppfylli lágmarks faglegar kröfur og nokkur önnur skilyrði, sem talin eru í frumvarpinu. Meðal slíkra skilyrða er áskilnaður í 4. gr. frumvarpsins um að græðari skuli hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi eða ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna skaðabótaábyrgðar, sem rakin verða til starfa græðara.

Á undanförunum árum hefur svonefndum lögboðnum starfsábyrgðartryggingum mjög farið fjölgandi hér á landi, og taka þær til starfsemi ýmissa sérfræðistétta, oftast háskólamenntaðra, s.s. lögmanna, fasteignasala, endurskoðenda og hönnuða bygginga svo að eitthvað sé nefnt. Náskyld slíkum starfsábyrgðartryggingum er svonefnd sjúklingatrygging, sem tekur til allra löggiltra heilbrigðisstétta, sbr. lög nr. 111/2000. Sammerkt er öllum þessum váttryggingum, að um váttryggingarskylduna er beinlínis fyrir mælt í lögum og jafnframt segir efnislega í lögnum, að nánari ákvæði um váttrygginguna, s.s. um váttryggingarfjárhæðir o.fl., skuli sett í reglugerð. Efni 4. gr. frumvarpsins er því í grófum dráttum áþekkt því, sem í öðrum lögum er að finna, þar sem mælt er fyrir um skyldu til að taka og viðhalda starfsábyrgðartryggingu. Á hinn bóginn er ljóst, að menntun og þekking þeirra, sem fallið geta undir hugtakið græðari, er afar mismunandi og jafnvel óljós. Að þessu


leyti er staða græðara allt önnur en flestra ef ekki allra annarra sérfræðistétta, sem hafa lögbundnar starfsábyrgðartryggingar vegna starfsemi sinnar. Er því m.a. frá váttryggingartæknilegum/váttryggingarréttarlegum sjónarhóli ástæða til að ætla, að fjölmörgum einstaklingum geti reynst erfitt eða ógerlegt að fá starfsábyrgðartryggingu eða bankaábyrgð eins og frumvarpið mælir fyrir um. SÍT leggur eindregið til, að í stað fortakslausrar lagaskyldu græðara til að vera með starfsábyrgðartryggingu/bankaábyrgð vegna starfsemi sinnar, verði ráðherra **heimilt** að mæla fyrir í reglugerð um slíka skyldu einstaklinga, og þá væntanlega allra innan tiltekins fags græðara. Hætta er á, að þessi áskilnaður frumvarpsins um váttryggingu/ábyrgð takmarki úr hófi möguleika einstaklinga til skráningar í hið frjálsa skráningarkerfi græðara, en kerfið sýnist einmitt megininntak frumvarpsins. Í samræmi við framanritað er lagt til, að upphaf 1. másl. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði breytt, og hljóði svo:

**„Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að græðarar hafi í gildi.....“  
o.s.frv.**

2. Í 1. másl. 2. mgr. 4. gr. segir, að váttrygging/ábyrgð skuli taka til „tjóns sem leitt getur af mistökum eða gáleysi.“ Hér er orðinu **mistökum** bersýnilega ofaukið. Er eindregið lagt til, að orðið verði felld úr ákvæðinu, enda það til þess fallið að skapa óþarfa ágreining.
3. Í 3. másl. 4. gr. er gert ráð fyrir því, að ráðherra setji reglugerð um lágmark váttryggingarfjárhæðar og framkvæmd váttryggingarskyldunnar. Að mati undirritaðs, m.a. af ástæðum, sem raktar voru í 1. tölulið umsagnar þessarar, hljóta váttryggingarfjárhæðir í starfsábyrgðartryggingum/ábyrgðum græðara að verða aðrar og lægri en tíðkast í starfsábyrgðartryggingum sérfræðistétta hér á landi. Í lokamálslið 4. gr. er gert ráð fyrir því, að ráðherra skuli hafa samráð við Bandalag íslenskra græðara og landlækni um ákvörðun váttryggingarfjárhæðar. Sýnist eðlilegt, að ákvörðun um slíkt verði einnig borin undir samtök váttryggingafélaga.

Undirritaður er reiðubúinn að skýra sjónarmið sín til máls þess frekar, verði talin þörf á því.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmundur Ármannsson